

Kópavogsbær

Menntaráð

200 Kópavogi

Efni: „Hinsegin fræðsla“ í grunnskólum Kópavogsbæjar

Reykjavík 05/04/2023

Kæra ráð,

Samtökin 22 – Hagsmunasamtök Samkynhneigðra eru ný samtök sem sinna hagsmunagæslu fyrir samkynhneigða á Íslandi. Við erum einu samtökin sem einungis vinna að málefnum samkynhneigðra. Samtökin okkar voru stofnuð því við teljum okkur ekki eiga samleið með þeirri stefnu og hugmyndafræði sem Samtökin '78 og fleiri hafa tileinkað sér.

Undanfarin ár höfum við haft áhyggjur af þeirri þróun sem á sér stað er varðar fræðslu fyrir börn og ungmenni. Þegar undirritaður kom sjálfur út úr skápnum fyrir um aldarfjórðungi síðan var fræðsla, innan skólakerfisins um okkar mál vissulega, mjög ábótavant.

Þess vegna var ráðist í átak til þess að bæta úr og fræða börn á unglingastigi grunnskóla um að sumir væru annaðhvort sam-, eða tvíkynhneigðir. Einnig um hin ólíku fjölskylduform en hina hefðbundnu kjarnafjölskyldu.

Núna erum við hinsvegar komin á þær slóðir að umdeildar hugmyndir um kyn, kynhneigð og blæti hafa ratað inn í kennslustofur barnanna og þær kenndar sem staðreyndir. Það er óviðundandi og það á eftir að láta reyna á hvort það yfirhöfuð standist lög.

Við höfum því á grundvelli 5. greinar Upplýsingalaga farið fram á að sjá samstarfssamninga sveitarfélaga við Samtökin '78 ásamt kennsluefni og fyrirlestrum þeim tengdum.

Samtökin 22 – Hagsmunasamtök Samkynhneigðra vill biðla til Menntaráðs að sýna varkárni í þessum málaflokki.

Við bendum á heimasíðu okkar sem er í smíðum. Þar stendur m.a. „Við vinnum að því að vernda börn gegn skaðlegri, óvísindalegri hugmyndafræði sem getur leitt til þess að þau trúi því að annað hvort persónuleiki þeirra eða líkami þurfi að breytast. Öll börn sem vaxa úr grasi, og verða ef til samkynhneigð eiga rétt á því að verða hamingjusöm, heilbrigð og örugg um kynhneigð sína, og hver þau eru.“

Grunnskólinn er staður þar sem börn og ungmenni feta sín fyrstu skref í skólakerfinu.

Námsefnið í grunnskóla þarf að byggjast á staðreydum, ekki umdeildri hugmyndafræði.

Við bendum ykkur á heimasíðu okkar og við erum ævinlega tilbúin að eiga samskipti við ráðið.

Bestu kveðjur,

Eldur Ísidór

Formaður

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026